

Reglur Húnaþings vestra um niðurgreiðslu daggjalda vegna dagvistunar í heimahúsum.

1. Húnaþing vestra greiðir niður dagvistun barna í heimahúsum samkvæmt reglum þessum þegar barnið á lögheimili í sveitarfélaginu og/eða foreldrar eru námsmenn, eða starfa tímabundið í öðru sveitarfélagi og nýta sér daggæslu í heimahúsi þar. Réttur til niðurgreiðslu gildir þar til leikskólapláss býðst.
2. Dagmóðir verður að hafa leyfi samkv. reglugerð nr. 907/2005. Barn sé á aldrinum 6 mánaða til 6 ára. Félagsmálaráð getur þó í undantekningartilvikum veitt undanþágu þegar hagsmunir barns og fjölskyldu mæla sérstaklega með því. Helstu frávik eru eftirfarandi: Leikskólapláss eru ekki til staðar og engin dagmóðir starfandi á svæðinu, alvarleg veikindi í fjölskyldu eða mjög erfiðar félagslegar aðstæður. Ef sótt er um niðurgreiðslu af þeim sökum þarf að fylgja vottorð frá heilbrigðisstofnun eða öðrum ábyrgum aðila.
3. Við upphaf gæslunnar skal sótt um niðurgreiðslu á þar til gerðum eyðublöðum, sem fást á skrifstofu sveitarfélagsins eða á heimasíðu Húnaþings vestra undir eyðublöð. Dagmóðir dregur frá reikningi foreldris þann hluta daggjaldsins sem er niðurgreiddur og innheimtir þá fjárhæð á sérstöku eyðublaði mánaðarlega. Foreldrar greiða þá upphæð sem eftir stendur í upphafi hvers mánaðar. Dagmæður skila yfirliti mánaðarins til skrifstofu Húnaþings vestra á útfylltum eyðublöðum fyrir hver mánaðamót. Yfirlitið skal vera vottað af viðkomandi foreldri. Dagmæður fá endurgreiðslur lagðar inn á bankareikning 5. hvers mánaðar. Foreldri ber að tilkynna ef breytingar verða sem máli skipta vegna niðurgreiðslunnar. Daggæslugjöld eru greidd niður 11 mánuði ársins.
4. Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó að umsækjandi hafi átt rétt á þeim en ekki leitað þeirra. Starfsmaður félagsmálaráðs veitir upplýsingar um skilyrði niðurgreiðslna og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veitir umsækjendum nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við gerð og frágang umsókna. Umsækjandi skal gefa þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að staðreyna megi rétt hans.
5. Frá 01.01.2007 er niðurgreiðslan eftirfarandi:

Vistunartími á dag	Niðurgreiðsla á mánuði
4 klst	14.000
5 klst	17.500
6 klst	21.000
7 klst	24.500
8 klst	28.000
9 klst	31.500

25% álag er greitt vegna barna einstæðra foreldra.

25% álag er greitt vegna systkina frá og með öðru barni.

25% álag er greitt ef annað eða bæði foreldrar eru í fullu námi, sbr. reglur í leikskóla. Viðbótargjald vegna systkina er einnig greitt ef annað systkinið er á leikskóla. Til að njóta systkinaafsláttar verða börnin að vera skráð á kennitölu sama greiðanda og með sameiginlegt lögheimili.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 3. apríl 2007